



Reykjavík, 4. desember 2024

VEL23050042

## SVAR VIÐ FYRIRSPURN

**Viðtakandi:** Velferðarráð

**Sendandi:** Rannveig Einarsdóttir, sviðsstjóri velferðarsviðs

### Efni: Svar við fyrirspurn fulltrúa Flokks fólksins um viðbrögð við álitum umboðsmanns Alþingis um tímabilskort fyrir akstursþjónustu fatlaðs fólks

Á fundi velferðarráðs þann 24. maí 2023 lagði fulltrúi Flokks fólksins fram svohljóðandi fyrirspurn um viðbrögð við álitum umboðsmanns Alþingis um tímabilskort fyrir akstursþjónustu fatlaðs fólks:

Fyrirspurn Flokks fólksins um hvernig velferðaryfirvöld hyggjast bregðast við nýlegum úrskurði umboðsmanns Alþingis í máli ungs manns sem hefur barðist í 6 ár fyrir því réttlæti að fá að kaupa tímabilskort vegna akstursþjónustu fatlaðra? Hér hefur verið brotið á fötluðu fólki og því mismunað. Blessunarlega er til umboðsmaður sem fylgir lögum. Niðurstaðan er afgerandi þar sem staðfest var að ákvörðun borgarinnar um að synja umsókn aðila um tímabilskort vegna akstursþjónustu fatlaðs fólks hafi ekki verið í samræmi við lög. Málið fer næst til velferðarráðs og -sviðs. Hvernig ætla borgarmeirihlutinn að bregðast við úrskurðinum? Ætla velferðaryfirvöld að fylgja orðum umboðsmanns Alþingis að taka málið upp að nýju? Niðurstaðan byggist á því að gjaldskráin hafi að þessu leyti ekki verið í samræmi við lokamálslið 3. mgr. 29. gr. laga nr. 40/1991 um félagsþjónustu sveitarfélaga. Umboðsmaður leggur til að málið verði tekið upp að nýju. Beiðni hefur komið frá aðila um að það verði gert. Hvernig á að bæta aðila tjónið og öllum þeim sem brotið hefur verið á með sama hætti? Endurgreiða á öllum þeim sem ofgreitt hafa enda um að ræða lögbrot samkvæmt umboðsmanni Alþingis.

#### Svar:

Breytingar á reglum fyrir sameiginlega akstursþjónustu við fatlað fólk á höfuðborgarsvæðinu voru samþykktar á fundi velferðarráðs þann 3. október 2024 og á fundi borgarráðs þann 17. október 2024. Samhliða breytingum á framangreindum reglum var ný gjaldskrá Reykjavíkurborgar fyrir akstursþjónustu fatlaðs fólks samþykkt á fundi velferðarráðs þann 30. október 2024, á fundi borgarráðs þann 7. nóvember 2024 og á fundi borgarstjórnar þann 19. nóvember 2024. Gjaldskráin tekur gildi þann 1. janúar 2025 og fellur þá jafnframt úr gildi eldri gjaldskrá sama efnis. Með hliðsjón af framangreindu er því litið svo á að Reykjavíkurborg hafi brugðist við álitum umboðsmanns Alþingis nr. 11617/2022.

Mál einstaklingsins sem leitaði til umboðsmanns Alþingis vegna tímabilskorts fyrir akstursþjónustu fatlaðs fólks var tekið upp að nýju af hálfu velferðarsviðs Reykjavíkurborgar og hefur hann fengið endurgreitt vegna ofgreiddra gjalda. Endurgreiðsla til annarra notenda akstursþjónustu fatlaðs fólks er í skoðun af hálfu velferðarsviðs Reykjavíkurborgar.



Reykjavík